



Viðtakandi: Menningar- og íþróttaráð
Sendandi: Sviðsstjóri

Reykjavík, 12. mars 2025

FAS24010022

MINNISBLAÐ

Minnisblað sviðsstjóra um fjölgun ístíma í Skautahöllinni í Laugardal

Á fundi menningar-, íþrótt og tómstundaráðs 13. desember 2024 var lögð fram breytingartillaga V13 frá fundi borgarstjórnar 3. desember 2024 sem vísað var til meðferðar sviðsins um fjölgun ístíma Skautahallarinnar í Laugardal:

Lagt er til að ístímum í Skautahöllinni verði fjölgað sem nemur þörf Skautafélags Reykjavíkur til að mæta þreföldun iðkendafjölda félagsins síðan 2017. Eru það á bilinu 25-30 tímar á viku til að uppfylla lágmarkspörfina. Sviðsstjóra er falið að útfæra fjölda ístíma í samráði við forsvarsmenn Skautafélags Reykjavíkur og leggja fyrir tillögu um fjölgun tíma á menningar- og íþróttaráðsfundi sem fyrst. Áætlað er að kostnaður vegna þessa nemi 20 m.kr. sem verði fjármagnað af liðnum ófyrirséð.

Tillögunni var vísað til sviðsstjóra MÍR og óskaði meirihlutinn eftir minnisblaði með greiningum á stöðunni varðandi úthlutun tíma í Skautahöllinni og mati á tillögunni.

Undirritaður óskaði eftir umsögn Íþróttabandalags Reykjavíkur og í henni kemur meðal annars fram að eina leiðin til að fjölga tímum til æfinga eða keppni er að byggja viðbyggingu við skautahöllina. Í forgangsröðun að uppbyggingu íþróttamannvirkja frá árinu 2020 var viðbygging við skautahöllina í sjötta sæti og áætlaður kostnaður 1.000 mkr. Viðræður eru í gangi milli MÍR, ÍBR og skautahreyfingarinnar og verið er að rýna ýmsar sviðsmyndir.

Hjálögð er umsögn ÍBR.

Steinþór Einarsson,
sviðsstjóri.



Reykjavík



ÍÞRÓTTABANDALAG
REYKJAVÍKUR

Menningar- og íþróttasvið Reykjavíkurborgar

Reykjavík 6.2.2025

Efni: Fjölgun ístíma í Skautahöllinni í Laugardal.

Menningar- og íþróttasvið hefur óskað eftir umsögn Íþróttabandalags Reykjavíkur um tillögu um fjölgun ístíma í Skautahöllinni í Laugardal. Ljóst er að eina leiðin til að fjölga tímum til æfinga eða keppni fyrir Skautafélag Reykjavíkur er að byggja nýtt svell.

Í fyrsta lagi eru mjög fáir tímar á svo kölluðum “prime-time” sem eru ekki notaðir fyrir Skautafélagið. Það eru 2,5 klst á fimmtudögum notaðar fyrir almenning. Utan þess tíma sem er vinsælastur eru síðan tímar fyrir almenning á laugardögum og sunnudögum milli kl. 13 og 17. Það telst ekki vera mjög spennandi æfingartími auk þess sem það hefur alltaf verið talið mikilvægt að almenningur komist líka á skauta.

Í öðru lagi er þá bara um að ræða að æfa mjög seint á kvöldin, enn fyrr á morgnana eða yfir daginn. Það er verið að æfa fram til 22 eða 23 virka daga og snemma á morgnana áður en skóli eða vinna byrjar. Á venjulegum skóla- eða vinnutíma er ekki hægt að hafa æfingar þar sem iðkendur eru almennt ekki lausir.

Ef mögulegt væri þá myndi fjölgun tímum í sólarhringnum hjálpa en að byggja nýtt svell er að öllu leyti raunhæfari kostur.

Kveðja,
f.h. Íþróttabandalags Reykjavíkur

Frímanna Ari Ferdinandsson
Framkvæmdastjóri